

Þróun máls og tals barna

Hlustun og skilningur

0 – 3 mánaða

- Bregst við hljóðum
- Þagnar eða brosir þegar þú talar til þess
- Eykur eða minnkar sog sem viðbragð við hljóði

4 – 6 mánaða

- Snýr höfði sínu á móti hljóðinu
- Bregst við hljóðbrigðum í rödd þinni
- Gefur gaum að leikföngum sem búa til hljóð
- Gefur gaum að tónlist

7 – 11 mánaða

- Skilur *nei-nei*
- Hefur gaman að leikjum á borð við *gjugg-í-borg*
- Snýr höfðinu markvisst í átt að hljóði
- Hlustar þegar talað er til þess
- Kannast við algeng orð eins og *glas, skór* eða *mjólk*
- Byrjar að bregðast við þegar sagt er t.d. *Komdu hingað* eða *Viltu meira?*

12 - 17 mánaða

- Skoðar leikfang eða bók í a.m.k. 2 mínútur
- Fylgir einföldum fyrirmælum sem studd eru látbragði
- Bregst við einföldum spurningum
- Bendir á þekktu hluti, myndir og fjölskyldumeðlimi þegar það er spurt

18 - 23 mánaða

- Bendir á líkamshluta eins og nefið, munninn eða hárið
- Fer að hlýða á stuttar sögur, vísur og söngva
- Fylgir einföldum fyrirmælum án bendinga eða látbragðs
- Skilur einfaldar athafnir eins og *að borða, að sofa (lúlla)* eða *að detta*

2 – 2 ½ árs

- Skilur forsetningar (afstöðuhugtök) á borð við *inn í og ofan á*
- Skilur persónufornöfnin *þú, mín, hans*
- Skilur lýsingarorðin *stór, góður, vondur*
- Framfylgir fyrirmælum eins og *Náðu í skóna þína*

2 ½ – 3 ára

- Barnið bregst við ef spurt er um hluti sem það þekkir en sér ekki, t.d. *Náðu í boltann þinn og settu hann í kassann*
- Skilur mörg andstæð hugtök eins og *heitt og kalt, upp og niður, inn og út*
- Skilur persónufornöfnin *ég, þú, hennar* o.fl.
- Kann skil á grunnlitum eins og *gulur, rauður og blár*
- Þekkir magnhugtökin *allir* og *meira*

3 – 4 ára

- Nýtur þess í síauknum mæli þegar lesið er fyrir það – vill gjarnan heyra oft sömu söguna
- Hefur gaman af vísum og fáránlegum fullyrðingum, t.d. *hesturinn flaug hátt upp í loft*
- Flokkar hluti og hugtök á myndum, t.d. *matur, föt, dót, krakkar*
- Þekkir flesta liti

4 – 5 ára

- Skilur tiltölulega flóknar spurningar
- Skilur mest af því sem talað er um heima og í leikskólanum

5 – 6 ára

- Getur fylgt margþættum fyrirmælum og framkvæmt þau. Dæmi: *Taktu stóra rauða boltann og settu hann við hliðina á bláa kassanum*
- Skilur og getur útskýrt atburðarás (fyrst gerðist..., svo..., en síðast....)
- Skilur og hefur gaman af rími og rímsögum eins og *Tóta tætibuska, Handa Gúndavél* o.fl.

Tal

0 – 3 mánaða

- Hljóðmyndun ósjálfráð
- Lýsir ánægju / óánægju með hljóðum
- Hjalar
- Brosir þegar það sér þig

4 – 6 mánaða

- Leikur að hljóðum eykst
- Byrjar að babbla; myndar hljóðarunur eins og *mamama, dadadada*
- Gefur í auknum mæli til kynna með röddinni þegar það er ánægt eða óánægt

7 – 11 mánaða

- Babblið eykst og fjölbreytni hljóða verður meiri
- Hermir eftir málhjóðum
- Notar röddina til að fá athygli
- Orð eða hljóðarunur eins og *mamma* og *babba* geta farið að bera í sér merkingu
- Reynir að tjá sig með athöfnum og látbragði

12 - 17 mánaða

- Eðlilegt er að það noti tvö til þrjú orð yfir persónur eða hluti en smám saman bætist við orðaforðann. Hvert orð getur haft fleiri en eina merkingu
- Reynir að líkja eftir einföldum orðum

18 - 23 mánaða

- Notar mest samhljóðin *n, m, b, d, h* með sérhljóðum

- Segir allt frá 10 orðum upp í 90 (mikill einstaklingsmunur), t.d. *skór, sokkar* eða *mjólk*. Framburður enn óskýr og geta orðin hljómað semgó, *þokka* eða *mokk*
- Hermir eftir nokkrum dýrahljóðum
- Byrjar að tengja saman orð svo sem *meira nammi* eða *pabbi koma*
- Byrjar að nota einföldustu persónufornöfn eins og *mín* eða *minn*

2 – 2 ½ árs

- Segir a.m.k. 50 orð (er jafnvel með um 400 orð við 2 ½ árs aldurinn)
- Notar sjálft persónufornöfnin *hann* og *hún*
- Setningar lengjast, t.d. úr *mamma koma* (um 2 ára) í *mamma koma heim* (um 2 ½ árs)
- Notar fleiri samhljóð og framburðurinn skýrist smátt og smátt

2 ½ – 3 ára

- Notar sjálft persónufornöfnin *ég*, *hann* og *hún*
- Talar í a.m.k. þriggja til fjögurra orða setningum
- Biður um hluti með spurningu, t.d. *Bíllinn minn?* Eða *Hvar húfan mín?*
- Notar fleirtölu orða eins og *bílar*, *dúkkur*, *boltar*
- Notar ákveðinn greini, t.d. *stelpa*, *húsið*, *fillinn*
- Getur myndað flest málhljóð. Á það til að sleppa samhljóði fremst í orði þótt það geti myndað sama hljóð í miðju eða aftast í orði. Ræður oft ekki við *r*, *s*, og *þ*
- Einfaldar samhljóðasambönd, t.d. *skip* verður *gip* og *hestur* verður *hehtu* og *elda* verður *enda*
- Gera má ráð fyrir að nánustu aðstandendur skilji að mestu tal barnsins

3 – 4 ára

- Spyr oft *hvar* – *hver* – *hvað* spurninga
- Getur útskýrt á einfaldan hátt til hvers við notum einstaka hluti, t.d. *gaffal* eða *bíl*
- Getur svarað spurningum á borð við *Hvað gerir þú þegar þér er kalt?* eða *Hvað gerir þú þegar þér er mál að pissa?*
- Notar þátíð veikra sagna, t.d. *hoppaði*, *labbaði*
- Endurtekur stuttar setningar
- Stundum endurtekur barnið sama hljóðið eða orðið, einkum í upphafi setninga. Kallast „smábarnastam“. Þetta á sérstaklega við um aldurinn milli 2 ½ - 3 ½ árs
- Telur upp að 5 og þekkir talnagildin 1-3 (réttir þrjá bolta ef beðið er um)
- Getur endurtekið þrjár tölur í röð, t.d. 5 7 1 eða 6 5 2 o.s.frv.
- Langflest málhljóð komin en barnið einfaldar gjarnan flókin samhljóðasambönd, t.d. *skriða* verður *gíða*. Mörg börn hafa ekki náð tökum á *r*, *s* eða *þ*
- Ókunnugir skilja mest af því sem barnið segir þegar það nálgast fjögurra ára aldurinn
- Hefur a.m.k. 600 orð í orðaforða þegar nálgast fjögurra ára aldurinn
- Notar -ði, og -di/ti þátíðarmynd, t.d. *horfði*, *keypti*(„*kaupti*“), *týndi*
- Notar sterka beygingu þátíðar í vissum sögnum, t.d. *var*, *datt*, *sá* en notar þó veika beygingu sagna í flestum sterkum sögnum (t.d. *lék* verður *leikti*; *hljóp* verður *hlaupti* o.s.frv.)
- Notar flóknari fleirtölumyndir en áður, t.d. *bækur*, *börn*, *blöðrur*

- Barnið getur tjáð sig um það sem það hefur verið að gera í leikskólanum eða heima hjá leikfélaga
- Notar iðulega setningar sem innihalda fjögur eða fleiri orð

4 – 5 ára

- Notar setningar sem innihalda nákvæmar upplýsingar, t.d. *Amma mín á heima í gulu húsi með rauðu þaki*
- Mjög aukinn orðaforði
- Notar í auknum mæli sterkar beygingar sagna, t.d. *las, drakk* en setur samt oftár veika beygingu í stað sterkar (sjá 3-4 ára)
- Getur útskýrt hvernig á að gera hluti, t.d. að teikna mynd eða gera sig kláran í háttinn
- Útskýrir orð eins og *Hvað er handklæði?* eða *Hvað er epli?*
- Svarar *hvers vegna* spurningum
- Talið er orðið vel skiljanlegt. Þó vantar sum börn *r* og *s*. Viss samsetning hljóða flækist enn fyrir barninu, t.d. *blaða* verður *blarða*, *útvarp* verður *úbart* og *kartafla* verður *karpatla*. Vænta má að barnið hafi náð tökum á framburði þessara orða um fimm ára aldurinn

5 – 6 ára

- Getur myndað a.m.k. átta orða setningar
- Notar lengri og flóknari setningagerð (með aukasetningum og samtengingum, t.d. *Þegar ég verð stór ætla ég að verða flugmaður og löggá*)
- Notar ímyndunaraflið til að bæta sögur sínar
- Getur enn vantað *r*-hljóð. Fæst börn hafa náð tökum á *hn* eins og í orðinu *hnífur*